

19. nóvember 2004

Samkomulag um starfsmat

SGS, SSB, Kjarna og Launanefndar sveitarfélaga um gildistöku og innleiðingu starfsmats í samræmi við ákvæði kjarasamninga framangreindra aðila frá 2001.

1. Tenging starfsmats og launa byggir á eftirfarandi forsendum:
 - 1.1. Lágmarkslaunaflokkur er 107
 - 1.2. Stigabil milli launaflokka er 8
 - 1.3. Nettóbreyting er 2,7%
Brúttóbreyting er 4,67%
2. Samkomulagi þessu fylgir verklýsing og leiðbeiningar um innleiðingu matsins og þar með launasetningu í héraði og samkomulag um áfrýjunarferli dags. 19. nóvember 2004.
3. Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að koma á fót sameiginlegri samstarfsnefnd, úrskurðarnefnd, um framkvæmd starfsmatsins. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverjum aðila samkomulags þessa. Með nefndinni starfa sérfræðingar. Nefndin aðstoðar og leiðbeinir stéttarfélögum og sveitarfélögum um innleiðingu starfsmatsins.
4. Þegar endanlegu starfsmati og launatengingu er lokið í héraði og fyrir liggur hverjar brúttó breytingar verða gagnvart Starfsmannafélagi Akraneskaupstaðar og Starfsmannafélagi Dalvíkurbyggðar skulu aðilar á vettvangi úrskurðarnefndar sem getið er í 3. tl. semja um eingreiðslu sem að verðmæti verði samsvarandi fjárhæð og hefði verið kostnaður sveitarfélaganna ef laun hefðu hækkað um 2%. Komi í ljós við endanlega innleiðingu starfsmatsins að önnur stéttarfélög ná ekki 1,5% hækkun á heildina litið eru aðilar sammála um að taka málefni þess félags til skoðunar á vettvangi úrskurðarnefndar með það fyrir augum að finna viðunandi lausn.

Reykjavík, 19. nóvember 2004
f.h. Launanefndar sveitarfélaga

Reykjavík, 19. nóvember 2004
f.h. stéttarfélaga